| **Kennari** | Árni Jóhannsson | **Sk.st.** | ÁJÓ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Samrásir (IC- rásir), sviðsáhrifatransistorar (FET), ljóstengi með transistor og/eða tríakk (Optocoupler), ljósdíóður (LED), aðgerðamagnarar (OP-Amp), hitanemar, þrýstinemar, ýmsir aðrir nemar, prentplötur og lóðning.

## Áfangamarkmið:

- Að nemandinn læri um IC-rásir (MOS-fjölskylduna) og fái þjálfun í að tengja þær og mæla.
- Að nemandinn fái þjálfun í að tengja transistora, mæla vinnuspennur þeirra við eðlilegar aðstæður og öðlist skilning á því hvernig hægt er að láta straumgrannar IC-rásir stýra aflfrekum tækjum með hjálp transistora.
- Að nemandinn kynnist möguleikum ljóstengja bæði með transistor og tríakk og fái þjálfun í að tengja þau og mæla.
- Að nemandinn fái þjálfun í að tengja aðgerðamagnara og kynnist notkun hans sem samanburðarmagnara.
- Að nemandinn fái þjálfun í að tengja og mæla vélgæslukerfi, sem byggt er upp með IC-rásum og transistorum og kynnist mismunandi búnaði til að þreifa eftir ástandi á mælistöðum kerfisins.
- Að nemandinn fái þjálfun í að byggja upp rafeindatæki, þjálfist í að lóða íhluti á prentplötu og ganga frá tækinu á löglegan hátt og fá það til að virka.

## Námsgögn:

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Bækur | Rafeindatækni eftir Eggert Gaut Gunnarsson (einkum kafli 9) |
| Ljósrit (afhent) | "Vélgæslukerfi" samantekt eftir Þórhall Ragnarsson<br>og önnur ljósrit eftir því sem ástæða þykir til. |

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 2 - 3 | Transistorar, (Bipolar, FET, IGBT).<br><br>Þéttar, Viðnám<br>CMOS-fjölskyldan; helstu einkenni.<br>(sjá m. a, kafla 9 í Rafeindatækni EGG)<br>Vélgæslukerfi 1.stig. Ljós á díóðu. | |
| 3 - 14 | Vélgæslukerfi með CMOS og transistorum.<br>- Upprifjun á virkni rökrása.<br>- Bilanaminni.<br>- Aðgerðamagnarar til samanburðarmælinga.<br>- Ljóstengi sem einangrar inngangsmerki frá aðalrás.<br>- Truflanasía og multivibrator.<br>- Hitaskynjari með stillanlegu markgildi:<br>Smíði og frágangur á vélgæslukerfi.<br>Rás þarf að virka fyrir lok annar til að verklegt taki gildi til lokaeinkunnar | |
| 14 - 17 | Smíði á smátæki (tegund ákveðin síðar) | |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Verklegt | Virkni og frágangur vélgæslukerfis.<br>Virkni og frágangur smátækis.<br>Vinnubók unnin á kennslutíma. | 30%<br>10%<br>10% |
| Skriflegt | Próf í annarlok | 50% |

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólastarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti

**Dagsetning** **Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**